


Umsögn Rannís um 942. mál: Frumvarp um Loftslags- og orkusjóð

Eins og fram kom í umsögn í samráðsgátt stjórnvalda, styður Rannís þær tillögur sem koma fram í frumvarpi um Loftslags- og orkusjóð sem er ætlað að einfalda fyrirkomulag og auka við styrkveitingar á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála.

Nýr sjóður mun veita tvennskona stuðning. Annar vegar beina styrki eða niðurgreiðslur sem byggja á því að umsækjendur uppfylli tiltekin skilyrði. Hins vegar samkeppnisstyrki þar sem styrkveitingar byggja á faglegu mati umsókna þar sem einungis bestu verkefni fá brautargengi. Verklag er mjög ólíkt við þessar styrkveitingar. Rannís er boðið og búið að taka að sér umsýslu þess hluta sjóðsins sem snýr að nýsköpunarverkefnum á málefnasviðum sjóðsins ef til kæmi. Þessi tillaga er sett fram í ljósi fyrri reynslu af góðu samstarfi við ráðuneytið um umsýslu Loftslagssjóðs, og þeirrar reynslu og þekkingar sem er innan stofnunarinnar hvað snertir rekstur samkeppnissjóða í nýsköpun og rannsóknum.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson

forstöðumaður Rannís